

## Frábær árangur Selfyssinga á EM í fimleikum



Karólína Helga er í hópi kvennaliðs Íslands. Ljósmynd: Agnes Suto.



Katrín Drífa er í blönduðu liði Íslands. Ljósmynd: Agnes Suto

Evrópumót í hópfinleikum fór fram dagana 16.-19. október sl. Í Baku í Azerbaíjan. Fimleikadeild Selfoss átti átta iðkendur, þrjá þjálfara og einn dómara á mótinu.

Kvennalið Íslands urðu Evrópumeistarar eftir æsispennandi keppni við Svíðþjóð. Karólína Helga Jóhannsdóttir úr Fimleikadeild Selfoss er hluti af liðinu.

Katrín Drífa Magnúsdóttir úr fimleikadeild Selfoss og félagar hennar í blönduðu ungmennaliði Íslands urðu einnig Evrópumeistarar í hópfinleikum. Stúlknalið Íslands lenti í 3.

sæti. Í liðinu eru fjórar stúlkur frá Selfossi, þær Elsa Karen, Kristín María, Magdalena Ósk og Victoria Ann. Þar að auki eru stökkþjálfarar liðsins úr Fimleikadeild Selfoss, þau Mads

Pind og Tanja Birgisdóttir. Drengjalið Íslands lenti í 4. sæti þar sem annar stökkþjálfari liðsins er Aníta Þorgerður, þjálfari og deildarstjóri Fimleikadeildar Selfoss.

## Lionsklúbburinn Embla færði Krabbameinsfélagi Árnassýslu styrk

Í tilefni af Bleikum október færðu félagar í Lionsklúbbnum Embla á Selfossi Krabbameinsfélagi Árnassýslu gjafabréf að upphæð 300.000, sem Erla Sigurjónsdóttir tók við og þakkaði fyrir. Síðan sagði hún frá starfsemi félagsins, sem er mjög mikil og ómetanleg fyrir þann fjölda sem nýtir sér hana. Eftir kaffisopa og notalegt spjall voru verslaðir bleikir bolir og

ýmislegt annað sem þau selja til fjáröflunar fyrir félagið. 18. október síðastliðinn hélt krabbameinsfélagið Bleika boðið, sem er einn liður í fjáröflun félagsins. Boðið er stærsti fjáröflunarviðburður félagsins. Uppboð og happdrætti var í boðinu og björk Guðmundsdóttir sá um að skemmta gestum og Grétar Lárus tónlistarmaður sá um söngskemmtun.



### Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

**Toyota**  
Selfossi





**Rauði kross Íslands**  
Arnesingadeild

## Basar Basar Basar Basar

Okkar árlegi basar handavinnuhóps  
Rauða krossins í Arnessýslu verður haldinn.

Laugardaginn 2. nóvember 2024.  
frá kl. 10 til 15 að Eyra-vegi 23 Selfossi.

Glæsileg handavinna á mjög góðu  
verði tilvalið í jólapakkann.

**Eftir basar verður hægt að nálgast  
handverk á opnunartíma skrifstofu.**

Mánudagar kl. 12-15 Þriðjudagar: kl. 12-15  
Miðvikudagar: kl. 13-16



# KÓTELETTU KVÖLD Í ÞINGBORG 2024

Hið stórskemmtilega Kótelettukvöld verður  
haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg  
laugardagskvöldið 26. október nk.



**Miðaverð 8.000 kr.**

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir  
s. 894 4448 - grenigrund(hja)islandia.is

Sigmundur Stefánsson  
s. 898 6476 - sigmundurstef(hja)gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson  
s. 860 7714 - adalsteinnkolsholti(hja)gmail.com



## Nýr miðbær ómissandi fyrir heildarvelferð lítills bæjar

Ígær fór fram íbúafundur um  
Nýjan miðbæ í Þorlákshöfn.  
Þar voru kynnt drög að hönnun  
miðbæjarins, húsagerð, skipu-  
lagi og fl. Þá voru einnig ræddar  
væntingar heimamanna, reynsla  
af miðbænum á Selfossi og fl.

### Byggður verður menningarsalur í miðbænum

Elliði Vignisson, bærstjóri Ölf-  
uss, segir að sveitarfélagið horfi  
til þess að byggja menningarsal  
sambliða byggingu miðbæjar-  
ins. „Menningarsalnum er ætlað  
að gegna kjölfestuhlutverki í að  
efla samfélagsvitund og félags-  
leg tengsl. Með því að vera sam-  
eiginlegur staður fyrir skapandi  
starfsemi eykur hann möguleika  
íbúa á að koma saman, skiptast á  
hugmyndum og njóta fjölbreytts  
listalífs. Hann er því ekki ein-  
ungis vettvangur fyrir afþrey-  
ningu, heldur einnig fyrir men-  
ningarlega þróun, aukna tengingu  
milli íbúa og aukin gæði í lífi  
bæjarbúa.“

### Skautasvell og aðstaða fyrir tónleika

Elliði segir að við hönnun mið-  
bæjarins hafi verið lögð áhersla  
á að minna á sérstöðu Þorlákss-  
hafnar á Suðurlandi sem vax-  
andi sjávarbyggðar sem býður  
upp á mikla þjónustu við íbúa  
og gesti. Þannig er gert ráð fyrir  
þeim möguleika að hægt verði  
að vera með skautasvell á vet-  
urna á miðbæjartorginu og tón-  
leika á sumrin. Víða eru bekkir,  
gróður, munir og fl. sem skapa  
hlýlegt og notalegt yfirbragð.



### Verslanir, veitingastaðir, þjónusta og menning

Elliði minnst á að sterkur mið-  
bær sé hjartað í litlum bæjum  
með stóra sál. „Hann þjónar sem  
samkomustaður fyrir íbúa og  
gesti og stuðlar að blómstrandi  
mannlífi, verslun, veitingaþjón-  
ustu og menningu. Fyrir verslun  
er miðbærinn mikilvægur þar  
sem hann býður upp á vettvang  
fyrir fjölbreytt þjónustu-  
og verslunarframboð, sem getur  
laðað að bæði heimamenn og  
ferðamenn. Menningarlega séð

hefur vel heppnaður miðbær  
burði til að verða vettvangur fyr-  
ir viðburði, listir og menningu.  
Þetta eykur menningarvitund  
íbúa og stuðlar að fjölbreytni í  
bæjarlífinu.“

„Í heildina er sterkur mið-  
bær ómissandi fyrir heildarvel-  
ferð lítills bæjar, þar sem hann  
sameinar fólk, eflir efnahag og  
stuðlar að lifandi menningu.  
Meðal annars þannig fá íbúar  
aukna velferð á grunni þeirrar  
verðmætasköpunar sem nú er  
unnið að,“ segir Elliði að lokum.

## Rangárþing ytra samþykkir útgáfu fram- kvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar



Sveitarstjórn Rangárþings ytra tók í dag  
stíl afgreiðslu umsókn Landsvirkjunar  
um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun.  
Áður höfðu umhverfis-, hálendis- og sam-  
göngunefnd og skipulags- og umferðar-  
nefnd tekið umsóknina til umfjöllunar og  
báðar samþykkt að sveitarstjórn veitti leyfið.  
Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra hefur  
því verið falið, að uppfylltum skilyrðum, að  
gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við  
framlögð gögn og gildandi ákvæði og reglu-  
gerðir.

HAUSTFUNDUR 2024

# Virkjum til velsældar



Hótel Selfoss



Miðvikudaginn 30. okt.



13–15

## Dagskrá

### Góður granni, gulli betri

Jóna Bjarnadóttir  
framkvæmdastjóri  
Samfélags og umhverfis

### Orka fyrir ferðapjónustuna

Guðmundur Finnbogason  
verkefnisstjóri hjá  
Nærsamfélagi og náttúru

### Sófaspjall um ávinning nærsamfélaga af orkuvinnslu og orkutengda nýsköpun

### Ávarp ráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson  
fjármála- og efnahagsráðherra

### Látum verkin tala: Virkjunarverkefni næstu ára

Ásbjörg Kristinsdóttir  
framkvæmdastjóri Framkvæmda

### Pallborðsumræður um umgjörð grænnar orkuvinnslu og verkefnin fram undan

Fundarstjóri er Úlfar Linnét,  
forstöðumaður Orkumiðlunar  
hjá Landsvirkjun



# Ingveldur Anna kjörin fram yfir tvo sitjandi þingmenn

Kjördæmisfundur Sjálfstæðisflokksins í Suðurland kjördæmi fór fram á Hótel Selfoss sunnudaginn 20. október. Þar var valið á framboðslista flokksins fyrir alþingiskosningar þann 30. nóvember næstkomandi.

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra mun áfram vera oddviti Sjálfstæðisflokks-

ins í Suðurland kjördæmi og Vilhjálmur Árnason heldur öðru sætinu.

Þrjú voru í kjöri fyrir þriðja sætið, þau Ásmundur Friðriksson, Birgir Þórisson og Ingveldur Anna Sigurðardóttir. Ingveldur skákaði þeim og mun skipa þriðja sætið. Ásmundur var í þriðja sæti listans í kjördæminu í síðustu kosningum en Birgir

Þórisson var oddviti Miðflokksmanna en skipti í Sjálfstæðisflokkin skömmu eftir kosningar.

Ingveldur fékk 10 fleiri atkvæði en Ásmundur, sem hverfur nú af þingi ásamt Birgi. Birgir skipar heiðursæti listans.



1. Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra, Hveragerði
2. Vilhjálmur Árnason alþingismaður og ritari Sjálfstæðisflokksins, Grindavík
3. Ingveldur Anna Sigurðardóttir lögfræðingur og varapringmaður, Rangárþingi eystra
4. Gísli Stefánsson bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri, Vestmannaeyjum
5. Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur, Svf. Árborg
6. Guðbergur Reynisson bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri, Reykjanesbæ
7. Kristín Traustadóttir viðskiptafræðingur, Svf. Árborg
8. Gauti Árnason forseti bæjarstjórnar, Svf. Hornafirði
9. Írena Gestsdóttir viðskiptafræðingur, Svf. Ölfusi
10. Logi Þór Ágústsson laganemi, Reykjanesbæ
11. Björk Grétarsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og stjórnmaðlafræðingur, Rangárþingi ytra
12. Hafþór Emri Ólason framhaldsskólanemi, Suðurnesjabæ
13. Gígja Guðjónsdóttir flugfreyja og uppeldis- og menntunarfræðingur, Reykjanesbæ
14. Jón Bjarnason oddviti og bóndi, Hrunamannahreppi
15. Rut Haraldsdóttir viðskiptafræðingur, Vestmannaeyjum
16. Sveinn Ægir Birgisson formaður bæjarráðs, Svf. Árborg
17. Sigrún Inga Ævarsdóttir samskipta- og markaðsstjóri, Reykjanesbæ
18. Einar Jón Pálsson bæjarfulltrúi, Suðurnesjabæ
19. Bjarki V. Guðnason sjúkraflutningamaður, Skaftárhreppi
20. Birgir Þórisson alþingismaður, Vogum

## Jasmina Vajzovic Crnac sækist eftir forystusæti Viðreisnar

Jasmina Vajzović Crnac, stjórnmálafræðingur í Reykjanesbæ, gefur kost á sér í 1. sæti á lista Viðreisnar í Suðurland kjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.

„Ég er reiðubúin að leiða lista Viðreisnar í Suðurland kjördæmi og vinna með fólki að málefnum sem ég brenn fyrir á sviði mannréttinda, efnahags, atvinnulífs, jafnréttis, velferðar og menntunar.“

Jasmina kemur upphaflega frá Bosnía og Hersegóvínu og varð flóttamaður á meðan stríðið í Bosnía stóð yfir. Hún flutti síðan til Íslands árið 1996 sem innflytjandi. „Ég veit að mín rödd og mín persónuleg reynsla sem barn á flótta og innflytjandi frá landi með marga ólíka þjóðfélagsþópá muni vera dýrmæt á Alþingi Íslendinga.“

Jasmina er stjórnmálafræðingur að mennt með diplómu í opinberri stjórnslu ásamt því að vera eigandi IZO ráðgjafar sem veitir ráðgjöf og fræðslu



þegar kemur að innflytjendum og flóttafólki. Hún starfar við að upplýsa, fræða og veita ráðgjöf bæði fyrirtækjum í atvinnulífinu, stofnunum ríkis og sveitafélaga, félagsamtökum o.fl. „Ég er mikill leiðtogi í mér og ég er óhrædd við að takast á við erfið mál. Síðast starfaði ég sem leiðtogi Alþjóðateymis Reykjavíkurborgar þar sem ég var með yfir 60 starfsmenn í vinnu og veitti og þróaði þjónustu við flóttafólk. Ég hef tekið þátt í stjórnmálum og hef setið sem varabæjarfulltrúi í sveita-

stjórnmálafræðingur í Reykjanesbæ. Ég hef sinnt mörgum trúnaðarstörfum þar og setið í stjórn og nefndum á vegum sveitarfélagsins í tvö kjörtímabil.“ Jafnframt hefur hún sinnt trúnaðarstörfum stjórnmálaflokks, bæði í sveitarfélaginu, svæðisfélaginu og á landsvísi. „Ég hef staðið í baráttu fyrir opnara samfélagi þar sem kraftar okkar allra geta fengið að blómstra óháð þjóðerni, uppruna, fækkunar, kyni og framvegis. Ég trúi á fjölbreytileika og rétt einstaklings. Ég trúi staðfastlega á hlutverk og gildi Viðreisnar sem er Evrópusinnaður, frjálslýndur og einkaframtaksinnaður flokkur og er fús til að leggja fram færni mína, þekkingu og eldmóð til að auka enn frekar áhrif og umfang flokksins okkar. Með því að gefa kost á mér í fyrsta sæti í Suðurland kjördæmi er ég staðráðin og mjög metnaðarfull að starfa af heilindum með inngildandi og stefnumótandi sýn til að styðja við árangur flokksins.“




## Osso buco sem allir elska

Tryggvi Hofland Sigurðsson er matgæðingur vikunnar.

Ég þakka vinkonu minni og verndara skífuvínfélagsins Guðjónu, fyrir áskorunina.

Nú styttest óðfluga í veturinn með tilheyrandi kertaljósom og kósý og þá er fátt betra en kraftmikill matur sem er eldaður með ást og gleði í hjarta. Tilvalið er að skella einhverjum þægilegum tónum á fóninn og jafnvel hella sér rauðvínstári í glas.

Ég ætla að elda með ykkur frægan rétt sem ég held svei mér þá að allir elski og best er að gefa sér nægan tíma í að nostra við, því lengur því betra, en þessi réttur er áætlaður fyrir 6-8 manns. Best þykir mér að elda réttinn í pottaþrápotti með loki, en stálfat eða eldfast mót með álpappír yfir er líka alveg í topplagi. Í þessa uppskrift geturðu notað t.d. kálfaskanka, nautaskanka eða lambaskanka.



um það bil 3-4 mín. á hverri hlið, og kjötið er sett til hliðar.

Næst steiki ég laukinn, gulræturnar, selleríð og hvítlaukinn á meðalháum hita þar til að laukurinn fer að mýkjast. Þegar að þessu er lokið er niðursoðnum tómtum, tómatpurré og kjúklingasoði hellt yfir grænmetið og látið malla í um það bil 15 mín, salt og pipar eftir smekk.

Bætið þá tímiani, rósarmarín og lárviðarlaufi út í og raðið kjötinu yfir grænmetið og hellið svo víninu yfir allt saman og allt látið malla í um það bil 20 mín. Gott er að fá sér smá tár á meðan þú bíður, best er að vökvinn dekki 3/4 af pottinum. Skellið svo bara lokinu á pottinn og setjið inni heitan ofn við 190°C í eina klukkustund, snúið þá skönkunum við og setjið aftur í ofninn í um það bil eina klukkustund og 20 mín.

Nú þegar þetta lostæti er klárt, þá er skönkunum raðað fallega á fat og grænmetinu og hluta af vökvunum hellt yfir, og svo toppað með gremolata. Gott er að bera fram með þessu kartöflumús, nýppteikið smælki eða jafnvel hrísgrjón.

### Gremolata

Fínsöxuð steinselja (um það bil 4 msk)  
2 raspaðir hvítlauksgeirar  
Rifinn sítrónubörkur af einni sítrónu  
Salt og pipar

Verði ykkur að góðu.

### Osso buco

- 8 sneiðar af nautaskanka
- 2 meðalstórir laukar gróft skornir (eða skalottulaukur 3 stk)
- 3-4 meðalstórar gulrætur, gróft skornar
- 2 stíklar af sellerí, skorið í bita
- 3 greinar tímian, 2 greinar rósarmarín, 3 stk lárviðarlauf
- 5 hvítlauksgeirar
- 1 dós niðursoðnir tómatar
- 1-2 tsk tómatpurré
- 5 dl af kjúklingasoði (kjúklingakrafur og vatn)
- 2 dl hvítvín (ef þú átt opna rauðvín, má alveg nota það í staðinn)

Best þykir mér að krydda skankana með salti og pipar á báðar hliðar og setja þá bara til hliðar á meðan ég sker grænmetið niður.

Síðan hita ég ólífuolíu í pottinum góða svona um það bil tvær msk., svo velti ég skönkunum uppúr hveiti og brúna þá vel í pottinum eða í

Mig langar að þakka fyrir mig og í leiðinni skora á góða vinkonu mína sem er geggjáður keppnismaður. Hún mun ekki skorast undan þessari áskorun og ég veit að það kemur eitthvað hrikalega gott frá henni, er það ekki Lórey Sigurjónsdóttir?

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).  
Ritstjóri: Björgvín Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Blaðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, [hronn@dfs.is](mailto:hronn@dfs.is).  
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Úr brenndum þessi bolli hér, burt með einn er málmur. Kveðskapur sem klúður er, kát fram Jökla þennan ber.

Svar við gátu í blaði 2774: NÁL  
1. Gróðrarnál





Toyota  
Selfossi

# LAND CRUISER 250

## STÆRSTA TOYOTA SÝNING ÁRSINS! LAUGARDAGINN 26. OKTÓBER KL. 12:00–16:00

Komdu og upplifðu Land Cruiser 250 hjá Toyota Selfossi. Söluráðgjafar taka vel á móti þér og stemningin verður engu lík.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.

Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



### TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 420 6600



Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



## Fátæki drengurinn sem varð alþingismaður

Sunnudaginn 27. október kl. 14 heldur Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, fyrirlestur sem hann nefnir „Faðir minn Ágúst Þorvaldsson, fátæki drengurinn sem varð alþingismaður“. Fyrirlesturinn er á vegum Bygðasafns Árnesinga og verður í varðveisluhúsi safnsins að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Fjallað verður um æsku Ágúst Þorvaldssonar á Eyrarbakka þar sem hann bjó á nokkrum stöðum hjá foreldrum sínum og síðan hjá fósturforeldrum í sárri fátækt, meðal annars í Hraunshverfi austan Eyrarbakka og voru Ágúst og fósturbróðir hans Hjálmtýr því gjarnan nefndir urðarkettirnir þegar þeir áttu leið í þorpið. Umskipti urðu í lífi Ágúst þegar honum var tíu ára komið að Brúnastöðum í



Hraungerðishreppi til fósturforeldra þeirra Ketils Arnoddssonar og Guðlaugar Sæfúsdóttur. Síðan lá leið hans upp á við og árið 1932 varð hann bóndi á Brúnastöðum 25 ára. Hann var valinn til trúnaðarstarfa fyrir samfélagið og alþingismaður varð hann árið 1956. Hann og kona

hans Ingvaldur Ástgeirsdóttir eignuðust 16 börn. Guðni mun sýna kvikmynd sem Jón Ársæll Þórðarson gerði um ævi Ágúst.

Að fyrirlestri loknum verða umræður og kaffispjall. Fyrirlesturinn er dagskrárliður í Menningarmánuði Árborgar. Aðgangur er ókeypis.



## Héraðsnefnd Árnesinga skorar á Alþingi að leysa úr hnökrum vegna Ölfusárbrúar

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem haldinn var á Hótel Geysi 15. okt. sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða vegna byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá.

„Héraðsnefnd Árnesinga skorar hér með á Alþingi Íslendinga að axla ábyrgð og leysa úr þeim hnökrum sem upp hafa komið vegna fjármögnunar við byggingu á nýrri brú yfir Ölfusá við Selfoss.

Héraðsnefnd Árnesinga minnir á að framkvæmdin á að greiðast með gjaldtöku notenda en ekki af fjármunum samgönguáætlunar og því óháð þeirri fjármögnun og forgangsröðun.

Íbúar Suðurlands ásamt öllum þeim sem leið sína leggja um Selfoss geta ekki öllu

lengur búið við umferðatafir þær sem eru meira og minna orðnar viðvarandi um gömlu Ölfusárbrúna við Selfoss og eru sérstaklega íþyngjandi á álagstímum.

Sérstaklega er bent á þá staðreynd að viðbragðstími viðbragðsaðila eins og sjúkraflutninga, slökkviliðs og lögreglu lengist umtalsvert við slíkar aðstæður sem er mjög alvarlegt þegar litid er til öryggis íbúa og vegfarenda þar sem hver mínúta getur skipt sköpum um hvort það tekst að bjarga mannlífum og verðmætum eða ekki.

Tími áætlunargerða, mats á mögulegum brúarstæðum og legu hringvegarins er liðinn.

Tími framkvæmda er runnin upp.“



Minjastofnun Íslands  
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr  
húsafriðunarsjóði  
fyrir árið 2025

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is) (undir Sjóðir & nefndir).

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á <https://reykjavik.is/husverndarstofa>).



Minjastofnun  
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 570 1300 (beinn sími húsafriðunarsjóðs er 570 1307)

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

[husafriðunarsjodur@minjastofnun.is](mailto:husafriðunarsjodur@minjastofnun.is)



## Óperuveisla á Hvolsvelli

Ég veit ekkert skemmtilegra en að syngja með góðu fólki. Þær eru yndislegar minningarnar um Íslensku óperuna í Gamla bíói. Að taka þátt í uppfærslum á óperum og gefa allt sitt til að þær lifni á sviði er dásæmdin ein. Við erum ótrúlega rík af góðum klassískum söngvurum hér á Íslandi og kannski eigum við heimsmetið miðað við höfðatölu? Hér í sveit, í Rangárvallasýslu, eigum við líka fjölda góðra söngvara og það kviknaði hugmynd um hvort hægt væri að ná saman nægilega stórum hópi lærdra söngvara til að koma fram á skemmtilegu óperukvöldi. Það tókst líka svona ljómandi vel! Nú er saman kominn vænn hópur söngvara sem býður til tónleika – Óperuveislu – í Hvolnum á Hvolsvelli og flytur leikandi aríur, dúetta og samsöng sem ættu að gleðja gesti okkar. Sem dæmi má nefna verk úr Töfraflautunni, Brúðkaupi Fígarós, La Cenerentola, Tannhauser o.fl. Það vill

svo skemmtilega til að óperusöngkonan Sólrún Bragadóttir er nýflutt til okkar í sýsluna og mun syngja með okkur á tónleikum, en hún syngur einnig á óperudögum í Reykjavík sem eru á svipuðum tíma.

Við sem tókum þátt í þessu eru: Aðalheiður M. Gunnarsdóttir, Arnalds Fannberg, Björk Berglind Gylfadóttir, Einar Þór Guðmundsson, Gísli Stefánsón, Guðríður Júlíusdóttir, Guðjón Halldór Óskarsson, Magnús H. Jóhannsson, Marianna Másdóttir, Sigríður K. Viðarsdóttir, Sólrún Bragadóttir, Þóra S. Guðmannsdóttir og Glódís M. Guðmundsdóttir.

Það er rifandi stemning í hópnum og spennandi verður að flytja alla gullmolana á sviði Hvolnsins á Hvolsvelli þann 1. nóvember kl. 20.00. Við hlökkum til að sjá ykkur. Miðapantannir í s. 691 1849 og operuveisla@gmail.com.

Aðalheiður M. Gunnarsdóttir

VÍS

# Velkomin í vöfflukaffi

Við elskum að fá heimsóknir og þess vegna bjóðum við í vöfflukaffi **föstudaginn 25. október kl. 13–15**.  
Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöfflur.

Hlökkum til að sjá ykkur!



VÍS Selfossi, Austurvegi 10



Sveitafélagið Ölfus - Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn

## Málþing og fræðslufundur um málefni eldri borgara

verður í ráðhúsinu Versölum **fimmtudaginn 24. október frá kl. 16**

Málþingið er hugsað sem samtalsvettvangur um málefni eldri borgara í Ölfusi. Það verða umræðuborð þar sem ákveðin málefni verða krufin og loks samantekt þar sem niðurstöður af borðunum verða kynntar.

### Kynningar:

- Hlutverk öldungaráðs – Bettý Grímsdóttir, formaður öldungaráðs
- Velferðarþjónusta Ölfuss – Eyrún Hafþórsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu
- Dagdvölin Von á Níunni – Kolbrún Una Jóhannsdóttir, forstöðumaður Níunnar
- Stefna um málefni eldri borgara – Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri fjölskyldu og fræðsluviðs

### Umræður á borðum:

- Félagsstarf eldri borgara
- Húsnæðismál
- Félagslega heimaþjónustu
- Heilsueflingu

Fundarstjóri er Sigurður Jónsson,  
varaformaður öldungaráðs

Allir velkomnir





# Óvenjuleg aukning í hveravirkni á Geysissvæðinu

Laugardaginn 19. október sl. fór að bera á óvenjulegri aukningu í hveravirkni á Geysissvæðinu í Haukadal, en hún hefur vakið athygli bæði sérfræðinga og heimamanna. Engar breytingar hafa komið fram á mælum Védurstofunnar sem gætu útskýrt þessa auknu virkni. Kemur þetta fram á Facebook-síðu Védurstofu Íslands.

Fulltrúi frá Umhverfisstofnun á vettvangi staðfesti að margir hverir á svæðinu hafi tekið við sér og væru nú mun kröftugri en fyrr. Sérstök athygli hefur verið á Strokk, sem hefur verið óvenjuvirkur undanfarna daga og gosin hærri og kröftugri, jafnvel svo að grjót og hverahrúður

hafi þeyst með gosunum. Hverinn gýs nú oftast en áður, með strókum sem ná allt að 30 metra hæð. Engar breytingar hafa þó orðið á Geysi sjálfum.

Sérfræðingar Umhverfisstofunnar, Védurstofunnar og Almannafræðingur fóru yfir stöðuna á fundi nú síðdegis. Áfram verður fylgst með stöðunni og er unnið að því að greina orsök þessarar auknu virkni. Jarðhitasvæði eru mjög breytileg og er alltaf einhver hætta til staðar í nágrenni þeirra vegna sjóðandi vatns og gufu. Védurstofan biðlar til ferðamanna á Geysissvæðinu að fara varlega og halda sig í öruggri fjarlægð frá hverunum og fylgja fyrirmælum Umhverfisstofunnar sem hefur umsjón á svæðinu.



# Kynnisferðir í eigendahóp Reykjabaðanna

Kynnisferðir er komið í eigendahóp Reykjabaðanna og hefur félagið nú eignast þriðjungshlut á móti núverandi eigendum. Reykjaböðin verða byggð upp á Árhólmasvæðinu í Hveragerði við minni Reykjadalssins.

Reykjadalsskálinn var fyrsti áfanginn en nú er tekið næsta stóra skrefið með byggingu náttúrubaða í viðamikilli heildaruppbyggingu á svæðinu en Reykjadalssfélagið og Hveragerðisbær klárðu fyrr á árinu nýtt deiliskipulag. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri þjónustu þar sem The Greenhouse Hotel mun starfrækja gistingu á svæðinu en einnig verður byggð upp frekari veitingastarfsemi og aðstaða fyrir mismunandi viðburðarhald. Áhersla verður á að efla enn frekar útivist og afþreyingu á svæðinu en þegar er fyrir starfsemi Mega Zipline, hjólaferðir með Icebike Adventures og hestaferðir með Sólhestum.

Árhólmar henta einstaklega vel fyrir baðstarfsemi en mikill jarðhiti er á svæðinu ásamt góðu aðgengi að heitu vatni. Þegar leggja hundruð þúsunda ferðamanna leið sína í Reykjadalinn til að stunda útivist, ganga dalinn

og upplifa heita lækinn. Náttúrufergurð er mikil á svæðinu og staðsetningin er líka frábær þar sem hún er stutt frá Reykjavík og við upphaf og enda Gullna hringsins. Upplifun gesta í böðunum verður í fyrirrúmi í töfrandi umhverfi þar sem hverir bubbla og reykur stígur upp úr jörðinni allt um kring. Markmið Reykjabaðanna er að skapa notalega stemningu með sterkri tengingu við náttúruna fyrir gesti á öllum árstíðum.

Jarðframkvæmdir á svæðinu hófust fyrr á árinu og er vegakerfið langt komið. Einnig er verið að leggja lokahönd á grunni lönsins en nú stendur einmitt yfir val á verk tökum sem koma til með að sjá um framkvæmdir lönsins og tengdra mannvirkja.

## Reykjaböðin fullfjármögðuð með samstarfi við Arion banka

Reykjaböðin er metnaðarfullt uppbyggingarverkefni á svæði Árhólma í Hveragerði og hefur að fullu verið fjármagnað með eigið fé eigenda og lánsfjármögnun frá Arion banka. Mjög gott samstarf hefur verið á milli eigendahópsins og bankans frá upphafi en bankinn sá einnig um lánsfjármögnun Gróðurhússins í

Hveragerði sem og Reykjadalsskálans sem er þjónustumiðstöð og kaffihús sem opnaði árið 2021 við rætur Reykjadalssins. Nú er stigið nýtt skref í frekari uppbyggingu á þessum fallega stað með nýju náttúrulóni sem mun auka enn frekar á afþreyingu og þjónustu við heimamenn og gesti svæðisins.

## Spennitir fyrir samstarfinu

Brynjólfur J. Baldursson, stjórnarformaður Reykjabaðanna segir jákvætt að fá Kynnisferðir í eigendahópin. „Það er mikill fengur að fá Kynnisferðir í eigendahópin en félagið er leiðandi í íslenski ferðaþjónustu. Reynsla þeirra og þekking mun skila sér vel í uppbyggingunni og mikill styrkur að fá þá inn í verkefnið nú í upphafi framkvæmda. Við erum einnig mjög ánægð með frábært samstarf við Arion banka í þessari spennandi uppbyggingarvegferð á svæðinu.“

Björn Ragnarsson, forstjóri Kynnisferða er spennur fyrir verkefninu. „Það er ánægjulegt að vera komin inn í eigendahópin á þessu spennandi verkefni. Við sjáum mikil tækifæri í baðlóni á þessum stað við minni Reykjadalssins. Árhólmasvæðið er mjög vel staðsett fyrir bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn og mjög áhugaverð uppbygging þar í gangi sem fellur vel að starfsemi okkar.“

Benedikt Gislason, bankastjóri Arion Banka, hlakkar til samstarfsins. „Samstarf Arion banka og Reykjadalssélagins á Árhólmasvæðinu síðastliðin ár hefur verið farsælt. Fyrirhuguð uppbygging Reykjabaðanna er virkilega spennandi verkefni og fögnum við aðkomu Kynnisferða að því og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.“



**Leikfélag Selfoss frumsýnir**

# LISTIN AÐ LIFA

Eftir Sigríði Læru Sigurjónsdóttur  
Í leikstjórn Jónheiðar Ísleifsdóttur

Frumssýning	Föstudaginn 25. október kl. 20:00
Hátíðarsýning	Sunnudaginn 27. október kl. 17:00
3. Sýning	Föstudaginn 1. nóvember kl. 20:00
4. Sýning	Laugardaginn 2. nóvember kl. 20:00
5. Sýning	Sunnudaginn 3. nóvember kl. 17:00
6. Sýning	Fimmtudaginn 7. nóvember kl. 20:00
7. Sýning	Föstudaginn 8. nóvember kl. 20:00
8. Sýning	Sunnudaginn 10. nóvember kl. 17:00
9. Sýning	Föstudaginn 15. nóvember kl. 20:00
10. Sýning	Laugardaginn 16. nóvember kl. 20:00

Miðaverð 3.500 kr.  
Sýnt er í Litla leikhúsinu við Sigtún  
Miðapantanir á Tix.is  
Athugið takmarkaður sýningafjöldi



# Hamar vann hraðmót HSK í blaki karla fjórða árið í röð

Híð árlega hraðmót HSK í blaki karla fór fram í íþróttahúsinu í Hveragerði 7. október sl. Þar mættu kappar frá Hamri, Hrunamönnum og Laugdælum og léku sín á milli. Mótið í ár var nú haldið í 29. sinn, en það var fyrst haldið árið 1995.

Hamar vann fjórar hrinur á mótinu og varð hraðmótsmeistari fjórða árið í röð og hefur félagið nú unnið mótið samtals 13 sinnum. Laugdælir, sem hafa hrósað sigri einu sinni á mótinu árið 2019, urðu í öðru sæti með tvær unnar hrinur. Hrunamenn unnu eina hrinu og urðu í þriðja sæti að þessu sinni. Hrunamenn hafa oftast unnið eða alls 14 sinnum, síðast árið 2017.



# Hamar úr leik eftir tap gegn VC Limax



Hamarsmenn eru úr leik í Háskorendakeppni evrópska blaksambandsins eftir tap gegn VC Limax frá Hollandi.

Hamarsmenn töpuðu fyrri leiknum ytra 3-0 og það var því á brattann að sækja fyrir heimamenn. Hamarsmenn börðust þó hetjulega og voru allar hrinurnar jafnar og spennandi og munaði

minnstu að Hamar næði að knýja fram oddahrinu.

3-1 tap var þó niðurstaðan eftir frábæran blakleik og Hamarsmenn geta vel við unað eftir frumraun sína í áskorendakeppninni.

Fyrsta hrina leiksins var jöfn og spennandi en VC Limax var þó með frumkvæðið allan tím-

ann og vann hrinuna að lokum 22-25.

Hamar byrjaði aðra hrinu betur en tapaði forystunni um miðja hrinuna, jafnaði svo aftur 19-19 og 20-20. Gestirnir áttu svo lokaspenninn og unnu hrinuna 25-20.

Hamarsmenn byrjuðu þriðju hrinuna einnig betur og komust m.a. í 6-2. Hollendingarnir komust svo yfir 17-16 en Hamarsmenn gáfust ekki upp og jöfnuðu 22-22 og knúðu svo fram 23-25 sigur.

Aftur byrjuðu Hamarsmenn betur og höfðu frumkvæðið framan af fjórðu hrinunni. Um miðbik hennar snérist hún gestunum í vil en þó munaði aldrei meira en tveimur stigum á liðunum og fór svo að lokum að Limax vann hrinuna 25-23 og leikinn þar með 3-1 og eru þar með komnir áfram í næstu umferð keppinnar.

# Selfyssingar áfram í VÍS-bikarnum

Selfyssingar mættu Fjölni í 32-liða úrslitum VÍS-bikarsins mánudagskvöldið 21. október. Mikil spennan var fyrir leiknum og augljóst að stemningin frá Snæfellsleiknum lá enn þá í loftinu síðan á föstudaginn. Gaman að sjá að fleiri og fleiri sjá sér fært um að mæta á leiki, sem er kannski ekkert skrítið, strákarnir hafa verið að bjóða fólki upp á einstaklega skemmtilega og spennandi leiki og var leikurinn á mánudaginn engin undantekning.

Bæði lið mættu einbeitt til leiks og gáfu ekkert eftir í byrjun leiks. Gestirnir gerðu sig líklega til að spóla fram úr Selfyssingum undir lok fyrsta leikhluta en heimamenn svöruðu fyrir sig og leiddu í hálfleik með einu stigi, 42-41. Seinni hálfleikurinn fór vel af stað hjá heimamönnum og náðu þeir að koma stöðunni



Ísak Júlíus sækir á körfuna.  
Mynd: Selfoss karfa/BRV

í 66-53, en lengra frá Fjölni tókst þeim ekki að komast. Líkt og Selfyssingar í fyrri hálfleik, þá náðu gestirnir að vinna sig aftur inn í leikinn. Á lokamínútunum var allt í járnnum, bæði lið líkleg til sig-

urs. Selfyssingar reyndust vera sterkari þegar upp stóð og unnu þriggja stiga sigur 94-91 eftir að lokaskot Fjölnis geigaði. Flottur sigur og liðið komið áfram í 16-liða úrslit.

Follie Bogan var með enn einn stórleikinn og spilaði stórt hlutverk á lokamínútum leiksins. Hann endaði með 38 stig og 12 fráköst. Vojtěch Novák var með 14 stig. Ísak Júlíus og Tristan Máni voru báðir með 11 stig, Arnór Bjarki með 9 stig, Ari Hranar 5 stig, Birkir Máni 3 stig og Óðinn Freyr 3 stig.

Næsti leikur Selfyssinga er á Meistaravöllum í Reykjavík föstudaginn 25. október á móti KV í 1. deildinni og byrjar kl. 19:15. 16-liða úrslit VÍS-bikarsins fara fram 7.-9. desember.

Selfoss karfa



Samfylkingin í Suðurkjördæmi boðar kjördæmisráðsfund fimmtudag 24. október í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka kl. 20:00.

## Dagskrá:

1. Tillaga uppstillingarnefndar um framboðslista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi lögð fram til afgreiðslu.
2. Undirbúningur kosninga.

Efstu frambjóðendur mæta á fundinn. Félagsfólki gefst líka færi á að sækja fundinn gegnum Zoom.

Stjórn Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.



# Sendibílar á Suðurlandi



**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**

**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - [keysra@keysra.is](mailto:keysra@keysra.is) - [www.keysra.is](http://www.keysra.is) - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

# HALLÓ HALLÓ FÉLAGAR

Árshátíð FEB Selfossi 2024 verður haldin fimmtudaginn 7. nóvember nk. í aðalsal Hótel Selfoss uppi.

Húsið verður opnað kl. 18:15 en skemmtunin hefst kl. 19:00.

**Boðið verður uppá skemmtiatriði:**

Hörpukórinn sem Stefán stjórnar, Örn Árnason mætir, happdrætti og leiklestur.



**Matseðill að hætti hússins:**

Steikarhlaðborð og eftirréttur.

\*Jón Bjarnason\* mun sjá um veislustjórn og tónlist til kl: 24:00

Sala aðgöngumiða verður í Grænumörk 5. fimmtudaginn 31. okt. kl. 13 - kl. 14:00 miðaverð er 11.000 krónur.

Nú mætum við öll og fyllum Hótelinu.  
**Skemmtinefndin.**





## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND



## KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## FÉLAGSSTÖRF



## SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
24. október kl. 13:00-14:30

## OPIÐ HÚS

Fim. 24. okt. kl. 14:45  
**Konur í fjallferðum**  
Héraðsskjalasafnið  
Guðmunda Ólafsdóttir

Kaffi 200 kr.  
Kaffi og kökur 1500 kr.

## ÁRSHÁTIÐ FEBSEL

Fimmtudaginn 7. nóv.  
Miðasala fim. 31. okt. kl. 13-14  
Sjá nánar augl. á bls. 9

## Vöflukaffi

Vöflukaffi hjá Framsókn í  
Árborg fellur niður næsta  
laugardag vegna kjör-  
dæmisþings KSFS sem  
haldið verður í Hveragerði  
sama dag.

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14  
Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16  
Unga fólk 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14  
Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14  
Þrjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14  
Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í  
annan tíma ef þessir tíma  
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á  
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í  
Hrishiolti 8. Nýliðafundur kl.  
20:00. Fundur kl. 20:30.

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrishiolti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrishiolti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosis.  
Poniedzialek i czwartek i sobota  
godzina 19:00. Hrishiolt 8 - 800  
Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters anonymous alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrishiolti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## KIRKJA

## Selfosskirkja

Halloween-messa sunnudaginn  
27. október kl. 11:00 með þátt-  
töku fermingarbarna. Unglinga-  
kórinn syngur, fjölskylduvæn og  
skemmtileg messa.

Hrekkavökusunnudagaskóli á  
sama tíma kl. 11:00 í safnaðar-  
heimilinu. Hvetjum öll til að  
mæta í búningum!

Kyrrðarstundir á þriðjudögum  
kl. 12:00, morgunbænir á mið-  
vikudögum kl. 10:00.

Þriðjudagssamvera þriðjudag-  
inn 29. október kl. 14:00. Gestur  
samverunnar verður Jón Bjarna-  
son organisti í Skálholtspresta-  
kalli.

Samtalshópar um sorg um  
missi, miðvikudag kl. 18:00 á  
baðstofu lofti.

Sjá allt um starf kirkjunnar inn  
á selfosskirkja.is.

## Kotstrandarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14. Kirkjukór  
Hveragerðis - og Kotstrandar-  
sóknna leiðir safnaðarsöng, org-  
anisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna  
Sif Svavarsdóttir þjónar.

## Hveragerðiskirkja

Bleik kvöldmessa kl. 20. Birna  
Almarsdóttir deilir reynslu sinni  
af að greinast með krabbamein.  
Fulltrúar Krabbameinsfélags  
Árnessýslu taka þátt. Sædis  
Lind Másdóttir syngur og  
Kirkjukór Hveragerðis - og  
Kotstrandarsóknna undir stjórn  
Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif  
Svavarsdóttir þjónar.

## Skarðskirkja

Kveðjuguðsþjónusta sr. Halldóru  
verður sunnud. 27. okt. kl. 13.00.  
Að guðsþjónustu lokinni vilja  
sóknarnefndir prestakallsins  
bjóða til sameiginlegs kaffisam-  
sætis að Laugalandi kl. 14.30  
þar sem hún verður kvödd. Verið  
öll hjartanlega velkomin.

## Skálholtsdómkirkja

Hallgrímsmessa sunnudaginn  
27. október á 350 ára ártíð  
skáldsins, kl. 11. Syngjum ein-  
göngu sálma eftir Hallgrím  
Pétursson og ihugum sérstak-  
lega sálminn Allt eins og  
blómstrið eina - um dauðans  
óvissa tíma sem Hallgrímur  
færði Ragnheiði Brynjólfsdóttur  
að gjöf. Sóknarprestur og djákni  
þjóna og dómorganisti leikur á  
orgelið góða hálf tíma fyrir  
messu. Innilega velkomin!

## HEILSA

## Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót  
vandamála líkamlegra sem  
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar  
m.a. til að sjá líðna atburði  
og jafvel fyrri lífi - Hvar varst  
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er  
hægt að bóka fyrir hópa í  
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,  
nudd og svæðanudd.

Bókanir á  
heilsulindheidars@simnet.is  
eða í síma 898 1501 (SMS)


Heiðar Ragnarsson

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn með-  
höndlun

Yoga nidra  
21.-23. og 25. okt.

Göggv leikfimi  
m/Jane Fonda ívafi  
23. og 25. okt.

Ragnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í fjárfraeðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsunudari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

Þjáist þú  
af einhverju  
eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælmi  
Fíkn • Krónískir verkir  
Fortíðar draugar • Aföll  
Gömul áföll  
Kvíði • Þráhyggja

## Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi  
Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,  
samtalsmeðferð

Svandís Birksdóttir  
svandisb@gmail.com  
Sími 835 8555

Sjóðurinn  
góði leitar eftir  
stuðningi

Sjóður-  
inn góði  
var stofn-  
aður árið  
2008 í kjöl-  
far banka-  
hrunsins. Í desember 2023 veitti  
hann styrki úr sjóðnum að upp-  
hæð 14.203.000 milljónir.



Sjóðurinn er samstarfsverk-  
efni Lionsklúbba, kvenfélaga,  
kirkjusóknna, félagþjónustunnar  
í Árnessýslu og deilda Rauða  
krossins í Árnessýslu.

Hlutverk sjóðsins góða er  
að styrkja einstaklinga og fjöl-  
skyldur sem standa höllum fæti  
og eiga ekki fyrir nauðpurftum  
fyrir jólin og einnig á vormán-  
uðum fyrir fermingar.

Gjafir til sjóðsins góða berast  
frá einstaklingum, félagasam-  
tökum, stofnunum og verslun-  
um bæði í formi peninga og  
jólagaða. Tölvubúnað sem not-  
aður er við umsóknir og úthlut-  
anir hefur Tölvu- og rafeinda-  
þjónustan, TRS, lánað sjóðnum  
án endurgjalds í nokkur ár.

Einnig má nefna húsnæði,  
veitingar, þrjónles að ógleymdri  
mikilli sjálfbodavinnu.

Starfshóp skipa fulltrúar  
áðurnefndra aðila og Hjálpar-  
stofnun kirkjunnar skipuleggur  
umsóknarferlið og annast útlutun.  
Stuðst er við viðmið  
Hjálparstofnunar kirkjunnar  
varðandi mat á umsóknnum.

Úthlutað er í desember úr  
sjóðnum vegna undirbúnings  
jólanna og á vormánuðum vegna  
ferminga.

Allar umsóknir eru trúnaðar-  
mál.

Jólatré voru staðsett í Hvera-  
gerði og á Selfossi og hægt var  
að setja pakka þar undir til gjafa.

Hægt er að leggja inn á Sjóð-  
inn góða allt árið um kring -325-  
13-301169 kt. 560269-2269-

Starfshópur Sjóðsins góða  
þakkar öllum þeim aðilum sem  
styrktu hafa sjóðinn á síðasta ári.

Nú biðlar sjóðurinn til fyrir-  
tækja og almennings að leggja  
þessum sjóð styrk. Þörfin er  
mikil eins og önnur ár og sjóður-  
inn magur.

## Jól í skókassa í Selfosskirkju

Þó enn sé langt í jólin eru  
þeiflaust einhverjir farnir að  
huga að þeim. Að minnsta kosti  
eru verslanir farnar að draga  
fram jóladótið og langt er síðan  
auglýsingar um jólatónleika  
byrjuðu að heyrast í útvörpum  
landsins. Á sumum heimilum  
byrjar jólaundirbúningurinn ein-  
mitt um þetta leyti með Jólum í  
skókassa.

Jól í skókassa er alþjóðlegt  
verkefni sem hófst árið 2004.  
Verkefnið nýst um að gleðja  
börn sem lifa við fátækt, sjúk-  
dóma og erfiðleika. Útbúar  
eru fallegar jólagjafir, pakkaðar  
í skókassa sem sendir verða til  
Úkraínu. Á því svæði sem jóla-



gjöfunum verður dreift ríkir  
mikil örbirgð. Íslensku skókass-  
arnir fara meðal annars á mun-  
aðarleysingjaheimili, barna-  
spítala og til barna einstæðra

mæðra. Verkefnið Jól í skókassa  
er kjörið tækifæri til að gera  
góðverk og láta gott af sér leiða.

Til að taka þátt í verkef-  
efninu þarf að útvega skókassa  
og ákveða kyn og aldur þess  
sem fær gjöfina. Í kassann á svo  
að setja eitt úr hverjum flokki:  
skóladóti, leikföng, hreinlætis-  
vörur, sælgæti og föt. Kassanum  
er svo pakkað inn eftir kúnstar-  
innar reglum og skilað í Sel-  
fosskirkju. Nánari upplýsingar  
um hvað má og hvað má ekki  
fara í kassann er að finna inni á  
síðunni www.kfum.is/skokassar.  
Síðasti skiladagur í Selfos-  
skirkju er miðvikudagurinn 30.  
október.





# Laugarvatn frábær staður fyrir útinám

Í Bláskógaskóla á Laugarvatni hefur verið virkt útinám síðan 2001. Nemendur fara einn dag í viku í útinám þar sem þorpið sjálft og umhverfi skólans er skólastofan. Í útináminu er mikil samþætting námsgreina þar sem auðvelt er að finna verkefni úr öllum fögum. Útinám er frábær vettvangur til að hjálpa nemendum að auka samkennd, samvinnu, sjálfstæði, sköpun, seiglu, samskipti og svo mætti lengi telja.

Hallbera Gunnarsdóttir kennari í Bláskógaskóla segir börn ekki leika sér eins mikið úti og þau gerðu áður. „Því sjá þau oft ekki tækifærin og möguleikana sem náttúran og útíveran hefur upp á að bjóða og mæta þar af leiðandi oft ekki raunverulegum hindrunum sem á vegi þeirra verða, sem er yfirleitt auðvelt að komast yfir ef þau bara stoppa, hugsa og hjálpast að.“

Hún segir að unnið sé markvisst að því að hjálpast að við að

koma tilfinningum í orð og ræða það í tímum. „Við þessa vinnu notum við Dyggðaspjöld sem eru snilldarverkfæri við þessa vinnu.“

Hallbera segir Laugarvatn frábæran stað fyrir útinám. „Þorpið sjálft stendur við Laugarvatnsfjall og því auðsótt að komast í fjallgöngu eða í skógarferð við fjallsrætur. Vatnið sjálft togar alltaf í okkur svo við notum það mikið. Þar er hægt að veiða, dorga í gegnum

ís, fara á standbretti eða báta, fara á skauta og skíði og svo er auðvitað alltaf gaman að vaða og synda aðeins. Fuglalífið á og við vatnið er líka mikið og oft tökum við þátt í verkefnum með HÍ, t.d. að fylgjast með hvenær hvaða fuglar koma og fara og geta þannig fengið betri vísendingar um hlýnun jarðar. Hverinn er líka á sínum stað. Þar getum við bakað, eldað, hitað okkur kakó eða spáð í ferðalagi gufunnar.“

„Í gegnum tíðina höfum við

útbúið „kennslustofur“ á fjölmörgum stöðum. Þar erum við stöðugt að endurbæta og reyna að halda við og felst í því heilmikill lærdómur. Við kveikjum oft bál sem við nýtum okkur til að elda eða grilla en fyrst og fremst til að skapa notalega stemningu til að fara í leiki, ræða málin, minna okkur á hvað við erum heppin að búa á Íslandi og spá í hversu einstakt og sérstakt lífið er,“ segir Hallbera að lokum.

## Ný fótaaðgerðastofa á Selfossi

Erla Maggý Guðmundsdóttir, löggiltur fótaaðgerðarfræðingur, hefur gengið til liðs við þær Maríu og Guðnýju hjá snyrtistofunni Mettu við Larsenstræti 3. Þar ætlar hún að bjóða upp á almennar fótaaðgerðir. Erla og maðurinn hennar, Arnar Steinn Karlsson, fluttu á Selfoss fyrir tveimur árum eftir að hafa búið í Reykjavík. Arnar er þó uppalinn Selfyssingur.

Erla var áður með sína

þjónustu í Snyrtimiðstöðinni í Reykjavík en hefur flutt sig alfarið á Selfoss eftir að margir höfðu komið að máli við hana og hvatt hana til að opna stofu á Selfossi.

„Þetta er svona að fara af stað og viðtökurnar hafa verið framfar björtustu vonum en þetta hefur spurst út manna á milli,“ segir Arnar Steinn í samtali við Dagskrána.



## Óskalögin við orgelið í Skálholtsdómkirkju



Októbermánuður, líka þekktur sem Orgóber, er tileinkaður orgelleik í Skálholti og víða annars staðar. Í til efni orgóber ætlar Jón Bjarnason að spila óskalög við orgelið þann 24. október kl. 20:00 í Skálholtsdómkirkju. Óskalögin við Orgelið er viðburður þar sem gestir fá að velja hvaða lög þeir vilja heyrja spiluð á orgelið. Hægt verður að velja úr fjölbreyttum lista laga. Textanum verður varpað á skjá svo hægt verður að syngja með orgelleiknum.

Aðgangur er ókeypis en tekið verður á móti frjálsum framlögum. Hægt er að leggja beint inn á Fylgisjóð Skálholtsdómkirkju með millifærslu: 0133-15-1647, kt 610172-0169.



### Ljósritunarpappír



2500 A4 blöð í kassa

Hágæða Svansvottaður 80 gr. ljósritunarpappír úr sænskum nytjaskógum.

Verð per kassa er 6.198 kr. með vsk. Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Akureyri ef pantaðir eru 10 kassar eða meira

Sími 482 1944 - selfoss@prentmettodi.is



## Sjö milljónir söfnuðust í átaki Nettó og Ljóssins



Samstarfsverkefni Nettó og Ljóssins hefur skilað sjö milljónum króna, sem renna nú óskipt til endurhæfingar fólks með krabbamein.

Þetta er annað árið í röð sem Nettó og Ljósið efna til samstarfs í júlímánuði, undir heitinu „Kveikjum Ljósið í júlí“ en í fyrra söfnuðust fimm milljónir kr. Í ár var það myndlistarkonan Unnur Stella Níelsdóttir, eigandi Start Studio, sem hannaði listaverk fyrir átakið. Verk Unnar Stellu er af kaffihlaðborði og ber heitið Skína. Þrýddi það sundtösku sem seld var í verslunum Nettó auk þess sem selt var sérhannað Jenga-spil.

Auk þess seldi Nettó klósettpappír og safu þar sem ágóði sölunnar rann til átaks-

ins. Átakið gekk sem fyrr segir vonum framár og söfnuðust sjö milljónir króna. Þá mun sá varningur sem enn er óseldur vera til sölu hjá Ljósinu í vetur og allur ágóði rennur áfram til stuðnings við Ljósið.

„Við erum gífurlega stolt af því að fá að leggja okkar af mörkum til að styrkja félag eins og Ljósið, sem veitir þeim sem greinast með krabbamein mikilvæga endurhæfingu og stuðning. Við fundum strax mikinn áhuga hjá okkar viðskiptavinum enda um gífurlega mikilvægt málefni að ræða sem varðar ótal marga landsmenn. Það er líka alveg frábært að í ár hafi safnast enn meira í þessu átaki en í fyrra en það sýnir bara og sannar að almenningur hefur

líka trú á þessu verkefni. Á sama tíma skemmir ekki að Unnur Stella er virkilega hæfileikarík listakona og listaverkið hennar, Skína, fangar á svo fallegan hátt þennan þægilega, rólega anda sem mörg hafa talað um að svífi yfir Ljósinu. Varningurinn verður til sölu áfram á meðan birgðir endast í Ljósinu og ég hvet fólki til að næla sér í spil eða poka þar,“ segir Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó.

„Fyrir miðstöð eins og Ljósið sem reidur sig að stórum hluta á stuðning þjóðarinnar er verkefni eins og þetta ómetanlegt. Við erum virkilega þakklát öllu okkar góða fólki hjá Nettó, listakonunni Unni Stellu sem og öllum þeim sem lögðu verkefninu lið með kaupum á vörum. Þessir fjármunir gera okkur kleift að halda áfram að veita þeim sem greinast mikilvæga endurhæfingu,“ segir Sólveig Kolbrún Pálsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Ljóssins.

Nettó vinnur markvisst eftir samfélagsstefnu Samkaupa þar sem lögð er mikil áhersla á samfélagslega ábyrgð og fyrirtækið hefur mikinn metnað til að vera traustur og virkur þátttakandi í samfélaginu. Árlega styrkir Nettó m.a. verkefni á sviði góðgerðarmála, æskulýðs- og forvarnastarfa, heilbrigðs lífsstíls og umhverfismála.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur sveitarfélag ársins 2024

Kynning og verðlaunaafhending á sveitarfélagi ársins fóru fram á Hilton Nordica hótelinu 17. október sl.

Veitt er viðurkenning fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur fékk hæstu einkunn í vali á sveitarfélögum

sem hljóta nafnbótina Sveitarfélag ársins 2024. Fjögur sveitarfélög hlutu nafnbótina í ár. Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd Bláskógabyggð og Sveitarfélagið Vogar.

Útnefningin er á grunni niðurstaðna viðhorfskönnunar félagsfólks 10 bæjarstarfsmannafélaga hjá sveitarfélögum á þeirra félagssvæðum og var

könnunin gerð í samstarfi við Gallup.

Tilgangurinn með könnuninni er að hvetja stjórnendur sveitarfélaga til að veita starfsumhverfi meiri athygli og ráðast í umbótaverkefni þar sem þess er þörf. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að starfsfólki.

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!  
Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta  
Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn  
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**ÖKULAND**  
Endurmenntun  
atvinnubílstjóra  
Akstursþjálfun  
Meirapróf  
okuland.is

**LAGNIR**  
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR  
Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS  
Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun  
Sími 510 1180  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bíluúðskipti  
**Bilverk BA**  
Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Pípulagnir Júlla**  
Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir  
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

**Lagnþjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
www.vinnuvelaskolin.is